

Reykjavík, 2. mars 2022

## Aðgengi að heilbrigðisþjónustu – bið eftir völdum skurðaðgerðum

Embætti landlæknis ber [lögum samkvæmt](#) að hafa eftirlit með heilbrigðisþjónustu og kallar í því augnamiði tvisvar á ári eftir gögnum varðandi bið eftir völdum skurðaðgerðum.

Bið eftir heilbrigðisþjónustu tengist framboði og eftirspurn og getur verið ásættanleg og nauðsynleg í ákveðinn tíma, enda þarf að skipuleggja starfsemi heilbrigðisstofnana fram í tímann og forgangsraða þannig að fólk sem eru í brýnustu þörfinni fái þjónustu strax, t.d. vegna bráðatílfella og lífshættulegra sjúkdóma. Einnig þarf fólk oft að gera ráðstafanir áður en það gengst undir skurðaðgerð, meðal annars varðandi fjölskyldu og vinnu.

Embætti landlæknis hefur sett fram viðmiðunarmörk um aðgengi að heilbrigðisþjónustu og hvað geti talist vera ásættanleg bið. Viðmiðin kveða á um að 80% sjúklinga komist í aðgerð innan 90 daga. Í þessari greinargerð er skoðað hvort 20% eða fleiri hafi verið á biðlista lengur en þrjá mánuði. Þetta hlutfall fæst með því að deila fjölda sem hefur beðið lengur en þrjá mánuði með heildarfjölda á biðlista. Það lækkar því eða hækkar ef nýjum beiðnum á biðlista fjölgar/fækkar.

Beiðni um gögn yfir stöðu á biðlistum 1. janúar 2022 og fjölda framkvæmdra aðgerða á árinu 2021 var send þann 29. desember 2021 á aðgerðastaði; Landspítala, Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Akranesi (HVE), Sjúkrahúsið á Akureyri (SAK), Klíníkina Ármúla, Sjónlag og Lentis. Óskað var eftir að gögnum yrði skilað í síðasta lagi 24. janúar 2022. Síðustu tölur skiluðu sér til embættisins 14. febrúar frá Lentis og 23. febrúar 2022 frá Sjúkrahúsinu á Akureyri. Gögnum frá Klíníkinni var eingöngu skilað fyrir liðskiptaaðgerðir.

Í þessari samantekt er yfirlit yfir stöðu aðgerðaflokka hvað varðar fyrrgreind viðmið og í hvaða átt þau hafa þróast frá síðasta ári. Einnig eru birtar helstu upplýsingar í völdum aðgerðaflokkum um biðtíma og fjölda aðgerða og yfirlit yfir sjúkrahústengdar frestanir. Ítarlegri tölulegar upplýsingar um bið í öllum aðgerðaflokkunum og fjölda aðgerða undanfarin ár, að meðtöldu þessu ári, eru í skjalinu „[Bið eftir völdum skurðaðgerðum og fjöldi framkvæmdra aðgerða 2018-2022](#)“ á [vef embættisins](#) (undir „Tölur um biðlista“). Í flipum í skjalinu eru myndir sem sýna þróun biðlista undanfarin ár og fjölda framkvæmdra aðgerða í völdum aðgerðaflokkum. Á vefsíðunni er einnig að finna eldri greinargerðir.

### Niðurstöður

#### Staða biðlista í völdum aðgerðaflokkum

Mynd 1 sýnir aðgerðaflokka sem upplýsinga var aflað um í innköllun embættisins í upphafi árs 2022. Rauð merking táknar að meira en 20% hafi beðið lengur en 3 mánuði, þ.e. lengur en fyrrgreind viðmiðunarmörk um ásættanlega bið kveða á um, en græn merking að minna en 20% hafi beðið lengur en 3 mánuði. Örvar gefa til kynna hvort hlutfallið hafi hækkað, sé svipað eða hafi lækkað samanborið við 1. janúar 2021. Tölurnar segja ekki til um hvenær einstaklingar muni komast í aðgerð, einungis hve lengi þeir hafa beðið á þeim tíma sem innköllun upplýsinga átti sér stað.

Skurðaðgerð	% beðið > 3 mánuði	
Skurðaðgerðir á augasteinum	78%	↑
Aðgerðir á hjartalokum	19%	↔
Kransæðaaðgerðir	Einn einstaklingur	
Hjarta- og/eða kransæðamýndataka, kransæðavíkkarir (PTCA) meðtaldar	3%	↓
Brennsluaðgerðir á hjarta	79%	↓
Úrnám hluta brjóst	21%	↑
Brjóstnám	43%	↓
Aðgerðir til brjóstaminnkunar	76%	↓
Endurgerð brjóst (brjóstauppbygging)	67%	↔
Aðgerðir v/vélindabakflæðis og þindarslits	89%	↑
Skurðaðgerðir á maga vegna offitu	81%	↔
Gallsteinaaðgerðir eða steinbrjóstmeðferð	57%	↔
Valdar aðgerðir á grindarholslíffærum kvenna	66%	↔
Brottnám legs	66%	↑
Aðgerðir á blöðruhálskirtli	14%	↑
Brottnám hvekks um þvagrás (TURP)	58%	↔
Gerviliðaaðgerðir á mjöðm	71%	↑
Gerviliðaaðgerðir á hné	79%	↑

Mynd 1. Aðgerðaflokkar í biðlistainnköllum og hlutfall þeirra sem biðu eftir aðgerð við upphaf árs 2022 og beðið höfðu lengur en í 3 mánuði. Örvar gefa til kynna hvort hlutfallið hafi hækkað, sé svipað eða hafi lækkað samanborið við 1. janúar 2021.

Markmið um biðtíma nást einungis í fjórum af þeim 18 aðgerðaflokkum sem innköllunin nær til. Þetta eru aðgerðaflokkarnir hjarta- og kransæðamyndataka, kransæðaaðgerð, aðgerð á hjartalokum og aðgerð á blöðruhálskirtli. Þá hafa rétt ríflega 20% beðið lengur en 3 mánuði eftir úrnámi á hluta brjósts sem er á mörkum þess að vera innan viðmiða embættisins (gult).

### Biðtími og fjöldi skurðaáðgerða í völdum aðgerðaflokkum

Hafa þarf í huga að ekki er um að ræða heildarbiðtíma eftir tiltekinni aðgerð. Eingöngu er átt við biðtíma frá því að einstaklingur var skráður á biðlista fyrir aðgerð, ótalin er bið eftir tíma hjá skurðlækni á göngudeild til að meta þörf fyrir aðgerð.

Myndræn framsetning á þróun biðtíma yfir tíma er eins og fyrr sagði í [yfirlitsskjali](#) á [vef](#). Þar eru upplýsingar sundurliðaðar eftir aðgerðastöðum en í einhverjum tilfellum vantar gögn frá sumum aðgerðastöðum og eru lesendur hvattir til þess að túlka niðurstöður með gát.

### Skurðaáðgerð á augasteini

- 2.590 aðgerða var beðið í upphafi árs 2022 (um er að ræða talningu á aðgerðum en ekki einstaklingum þar sem einstaklingur getur verið að bíða eftir aðgerð á báðum augum). Ekki hefur verið beðið eftir fleiri aðgerðum frá árinu 2016.
- Gerðar voru 2.642 aðgerðir á árinu 2021, um 600 færri aðgerðir en árin 2020 og 2019.
- Miðgildi biðtíma þeirra sem fóru í aðgerð á Landspítala á árinu 2021 var 29 vikur, en 23 vikur árið 2020 og 12 vikur árið 2019. Þannig beið helmingur þeirra 2.642 sem fóru í aðgerð 2021 í rúma 7 mánuði.

### Brensluáðgerð á hjarta

- 344 biðu aðgerðar í upphafi árs 2022.
- Á árinu 2021 voru gerðar 290 aðgerðir á Landspítala en 304 árið 2020 og 319 árið 2019.
- Miðgildi biðtíma þeirra sem fóru í aðgerð á árinu 2021 var 26 vikur og hafði þá styst umtalsvert frá árinu 2020 þegar miðgildið var 38 vikur og árinu 2019 þegar það var 51 vika. Helmingur þeirra 290 sem fóru í aðgerð 2021 biðu því í rúma 6 mánuði eftir aðgerð. Miðgildi biðtíma þeirra sem voru metin í þörf fyrir aðgerð innan viku var 12 vikur og 31 vika hjá þeim sem voru í þörf fyrir aðgerð innan 4 vikna.

### Kransæðaaðgerð

- Sex biðu aðgerðar í upphafi árs 2022
- Einn hafði beðið lengur en 90 daga.
- Á árinu 2021 voru gerðar 47 aðgerðir á Landspítala en 71 árið 2020 og 64 árið 2019.
- Miðgildi biðtíma þeirra sem fóru í aðgerð á Landspítala á árinu 2021 var 2 vikur eins og árið 2020 en 3 vikur árið 2019.

### Hjarta- og/eða kransæðamyndataka

- 59 biðu aðgerðar í upphafi árs 2022.
- Á árinu 2021 voru gerðar 1.553 aðgerðir, 120 aðgerðum fleiri en árið 2020.
- Miðgildi biðtíma þeirra sem fóru í aðgerð á árinu 2021 var 4 vikur, 5 vikur 2020 og 6 vikur 2019.

### Úrnám hluta brjósts

- 33 biðu aðgerðar á Landspítala í ársbyrjun 2022 en 17 í upphafi árs 2021.
- 4 konur sem voru metnar í þörf fyrir aðgerð innan 4 vikna höfðu beðið lengur en sem því nam.
- Aðgerðir voru 181 á árinu 2021 en 143 árið 2020.
- Miðgildi biðtíma þeirra sem fóru í aðgerð á Landspítala 2021 var 4 vikur en 3 vikur árið 2020.

### Brjóstnám

- 35 biðu aðgerðar á Landspítala í ársbyrjun 2022 en 30 í upphafi árs 2021.
- 4 konur sem voru metnar í þörf fyrir aðgerð innan 4 vikna höfðu beðið lengur en sem því nam.
- Aðgerðir voru 135 á árinu 2021 en 159 á árinu 2020.
- Miðgildi biðtíma þeirra sem fóru í aðgerð á Landspítala árið 2021 var 4 vikur eins og árið 2020.

### Skurðaðgerð á maga vegna offitu

- 86 einstaklingar biðu eftir aðgerð á Landspítala í janúar 2022 eða sami fjöldi og í janúar 2021, þrátt fyrir að aðgerðum hafi fjölgað úr 60 árið 2020 í 93 árið 2021.
- Miðgildi biðtíma var 47 vikur.
- Ekki bárust tölur frá Klíníkinni, þrátt fyrir ítrekun. Undanfarin ár hafa flestar aðgerðanna verið gerðar þar.

### Brottnám legs

- 196 biðu eftir aðgerð í ársbyrjun 2022 en 150 ári áður.
- Fjöldi aðgerða á árinu 2021 var 358 en 299 árið 2020.
- Miðgildi biðtíma þeirra sem fóru í aðgerð á árinu 2021 var 9 vikur á Landspítala og HVE.

### Valdar aðgerðir á grindarholslíffærum kvenna

- 173 biðu aðgerðar í upphafi árs en 156 ári áður.
- Fjöldi aðgerða á árinu 2021 var 305 en 291 árið 2020.
- Miðgildi biðtíma þeirra sem fóru í aðgerð á árinu 2021 á Landspítala var 20 vikur en 10 vikur á HVE.

### Liðskipti á mjöðm

- 570 biðu eftir aðgerð í upphafi árs 2022 en 517 ári áður.
- Á árinu 2021 voru gerðar 914 aðgerðir, fleiri en árið 2020 þegar þær voru 743.
- Miðgildi biðtíma þeirra sem fóru í aðgerð á árinu 2021 var 26 vikur á Landspítala, 21 vika á HVE og 4 vikur á Klíníkinni. Ekki bárust upplýsingar um miðgildi biðtíma frá Sjúkrahúsinu á Akureyri en hlutfall fólks sem hafði beðið lengur en 3 mánuði eftir aðgerð var lægra þar en á Landspítala og HVE.


### Liðskipti á hné

- 1.162 biðu aðgerðar í upphafi árs 2022 en 999 ári áður.
- Árið 2021 voru gerðar 913 aðgerðir, fleiri en árið 2020 þegar þær voru 760.
- Miðgildi biðtíma þeirra sem fóru í aðgerð á árinu 2021 var 49 vikur á Landspítala, 32 vikur á HVE og 4 vikur á Klíníkinni. Ekki bárust upplýsingar um miðgildi biðtíma frá Sjúkrahúsinu á Akureyri en hlutfall fólks sem hafði beðið lengur en 3 mánuði eftir aðgerð var lægra þar en á Landspítala og HVE.

### Sjúkrahústengdar frestanir

Sjúkrahústengdar frestanir á aðgerðum eru vísbending um álag á sjúkrahúsum og geta meðal annars stafað af skorti á legurýmum og/eða starfsfólki eða ófyrirsjáanlegum þáttum eins og heimsfaraldurs. Árið 2021 þurfti um tíma vegna COVID-19 heimsfaraldurs að takmarka fjölda skurðaðgerða á Landspítala. Færri skurðaðgerðir voru þá skipulagðar og því færri aðgerðum frestað en ella.

Árið 2021 var, samkvæmt skráningu, samtals 266 aðgerðum í fyrrnefndum aðgerðaflokkum frestað á Landspítala, HVE og Klíníkinni. Þar af var 237 aðgerðum frestað á Landspítala, fimm aðgerðum á HVE og 24 aðgerðum (sem allt voru liðskiptaaðgerðir) á Klíníkinni. Til samanburðar var 317 aðgerðum frestað á Landspítala árið 2020 og 200 aðgerðum árið 2019. Á mynd 3 má sjá þróun samanlagðs fjölda frestaðra aðgerða í völdum aðgerðaflokkum árin 2019-2021. Hafa þarf í huga að myndin sýnir fjölda frestaðra aðgerða en ekki frestaðar aðgerðir sem *hlutfall* af skipulögðum aðgerðum innan hvers aðgerðarflokks.



Mynd 2. Fjöldi sjúkraústengdra frestana á Landspítala, Heilbrigðisstofnun Vesturlands og Klíníkinni, Ármúla árin 2019, 2020 og 2021.

Mjög misjafnt er eftir aðgerðaflokkum hve mörgum aðgerðum var frestað á árinu 2021. Mun færri liðskiptaaðgerðum var frestað samanborið við árið 2020. Tveimur fleiri kransæðaaðgerðum var frestað árið 2021 samanborið við árin 2019 og 2020.

### Mat embættis landlæknis

Ekki var um hefðbundið árferði að ræða í heilbrigðisþjónustu árin 2020 og 2021 vegna áhrifa COVID-19 heimsfaraldursins. Samanburður milli ára er því vandasamur og taka verður tillit til þess við túlkun niðurstaðna. Ljóst er þó að heimsfaraldur COVID-19 hefur haft veruleg áhrif á bið eftir völdum skurðaðgerðum, sérstaklega árið 2020. Í því samhengi má nefna að á ákveðnum tímabilum árið 2020 voru ekki framkvæmdar svokallaðar valkvæðar skurðaðgerðir (þ.e. aðgerðir sem geta beðið) og á árinu 2021 voru á tímabili einnig skipulagðar færri aðgerðir vegna áhrifa af COVID-19.

Áhyggjuefni er að þann 1. janúar 2022 var bið orðin lengri en sem nemur viðmiði embættis landlæknis um ásættanlega bið eftir heilbrigðisþjónustu (þ.e. að 80% komist í aðgerð innan 3 mánaða) í 13 af 18 aðgerðaflokkum. Í samanburði við 1. janúar 2021 jókst hlutfall þeirra sem beðið höfðu lengur en þrjá mánuði eða stóð í stað í 13 af 18 aðgerðaflokkum. Það getur þó verið misjafnt milli aðgerðastaða hve lengi fólk hefur beðið eftir sams konar aðgerð.

Líkt og komið hefur fram í fyrri greinargerðum um bið eftir völdum skurðaðgerðum, hefur skortur á starfsfólki og legurýmum lengi haft neikvæð áhrif á starfsemi Landspítala og vísbendingar eru um að svo sé enn. Þá má nú einnig rekja aukið hlutfall þeirra sem bíða lengur en 3 mánuði, til áhrifa COVID-19 faraldursins á starfsemi stofnananna. Þegar aðgerðum fækkaði fengu skurðlæknar meiri tíma til að

sinna göngudeildarstarfsemi, t.d. við að meta þörf fyrir aðgerð og því varð um leið fjölgun á biðlista af þeim sökum.

Samkvæmt [skýrslu OECD](#) jókst biðtími eftir valkvæðum skurðaðgerðum víða í OECD-ríkjunum eftir að heimsfaraldur COVID-19 skall á. Eins og greint var frá í [Talnabrunni 9. tbl. 2020](#) sker Ísland sig ekki úr hvað þetta varðar. Jafnframt hefur þurft að fresta margs konar valkvæðri þjónustu í OECD ríkjunum vegna faraldurs COVID-19 og gera má ráð fyrir að það taki tíma að vinna úr því.

Líkt og við var að búast hefur biðtími eftir flestum aðgerðum aukist hér á landi frá árinu 2020, sem sést af miðgildum biðtíma þeirra sem fóru í aðgerð á árinu 2020 og árið 2021 (sjá í [yfirlitstöflu](#)). Skurðaðgerðir sem framkvæmdar eru vegna lífsógnandi sjúkdóma og metnar voru í brýnstum forgangi, innan viku og innan fjögurra vikna, voru þó framkvæmdar innan þess tíma að mestu leyti, ef frá eru taldar brennsluaðgerðir á hjarta. Hafa þarf í huga að aukin hætta er á bráðaaðgerð ef heilsufar sjúklings versnar þegar bið eftir aðgerð er orðin löng og er það áhyggjuefni að mati landlæknis. Embættinu er þó ekki kunnugt um dæmi þess.

Fjöldi liðskiptaaðgerða hefur aukist síðustu ár og voru þær 324 fleiri árið 2021 en árið áður. Þrátt fyrir þessa aukningu á fjölda aðgerða er biðtími enn langt umfram viðmið og fjölga þyrfti liðskiptaaðgerðum enn meira til þess að stytta bið.

Miðgildi biðtíma eftir augasteinsaðgerð hefur lengst um >100% frá árinu 2019, úr 12 í 29 vikur, þ.e. á tímum COVID-19 faraldurs. Fleiri bíða eftir aðgerð á augasteini en síðustu ár enda hefur aðgerðum fækkað mikið frá fyrra ári og þörfin er vaxandi hjá þjóð sem er að eldast. Fleiri bíða líka lengur eftir aðgerð en áður, 78% bíða lengur en 3 mánuði eftir aðgerð. Augasteinsaðgerðir voru 600 færri árið 2021 miðað við árið 2020. Að mati landlæknis er brýnt að fjölga aðgerðum á augasteini til að anna þeirri þörf sem er til staðar og ná aftur viðmiðum um ásættanlega bið.

Miðgildi biðtíma þeirra sem fóru í kransæðaaðgerð árið 2021 er óbreytt frá árinu 2020, þrátt fyrir færri framkvæmdar aðgerðir á árinu. Þetta skýrist m.a. af að dregið hefur úr þörf fyrir opnar hjartaaðgerðir með tilkomu nýrrar tækni með hjartapræðingum. Því styttist biðlisti á árunum 2016-2018 en hefur lengst að nýju síðastliðið ár, þó ekki sé um marga einstaklinga að ræða. Áhyggjuefni er að fresta hefur þurft hjartaskurðaðgerðum á Landspítala vegna skorts á legurými á gjörgæsludeild. Landlæknir ítrekar í því samhengi fyrri ráðleggingar um að brýnt er að fjölga gjörgæsluplássum á Landspítala.

Síðustu ár hefur eftirspurn eftir skurðaðgerðum á maga vegna offitu aukist. Þessar aðgerðir hafa verið framkvæmdar á Landspítala, 60 aðgerðir árið 2020 og 93 árið 2021, en að mestu leyti á Klíníkinni undanfarin ár, eða um 500 aðgerðir árið 2020. Biðtími á Landspítala hefur lengst þrátt fyrir aukinn fjölda aðgerða og er langt umfram viðmið sem er áhyggjuefni. Ekki bárust upplýsingar frá Klíníkinni um þennan aðgerðaflokk og því er ekki hægt að meta stöðuna. Vaxandi fjöldi Íslendinga glímur við offitu og því er mikilvægt að fylgjast vel með aðgengi að slíkum aðgerðum. Embætti landlæknis mun fylgja málinu eftir. Landlæknir ítrekar fyrri ráðleggingar um að brýnt er uppfæra og innleiða aðgerðaráætlun til að draga úr tíðni offitu og þar sem bæði er hugað að forvörnum og meðferð.

Eins og áður hefur verið bent á er brýnt að rétt þjónusta sé veitt á réttum stað. Þau rými sem opin eru á Landspítala þarf að nýta fyrir einstaklinga sem þurfa á sérhæfðri heilbrigðisþjónustu á hátæknisjúkrahúsi að halda. Að sama skapi er mikilvægt að einstaklingar sem eru í þörf fyrir varanlegt úrræði fái það sem fyrst. Að öðrum kosti kemur það niður á getu Landspítala til að framkvæma skurðaðgerðir.

Til þess að upplýsingar séu samanburðarhæfar milli stofnana og ára og hægt sé að leggja mat á stöðuna og gera raunhæfar áætlanir varðandi valkvæðar skurðaðgerðir er mikilvægt að gögnin séu tekin saman og send til embættis landlæknis á tilskyldum tíma. Unnið er að því að koma biðlistum á miðlægt form svo embætti landlæknis hafi upplýsingar um stöðuna í rauntíma. Liðskiptaaðgerðir á Sjúkrahúsinu á

Akureyri og Heilbrigðisstofnun Vesturlands eru nú þegar komnar í þessa miðlægu skráningu og gögn frá Landspítala verða komin á sama form á næstu vikum.

Að mati embættis landlæknis er mikilvægt að fylgjast áfram með þróun mála og meta stöðuna svo hægt sé að gera viðeigandi breytingar. Leggja þarf áherslu á að koma starfseminni í fulla virkni eins fljótt og hægt er og auka aðgerðafjölda til muna þegar áhrif COVID-19 faraldursins dvína, svo stytta megi biðtíma. Þá gefur mismunandi biðtími eftir aðgerð milli aðgerðastaða tilefni til þess að efla enn frekar samstarf á milli sjúkrahúsa.

	Heildarfjöldi á biðlista Total number on waiting list					Hlutfall sem hefur beðið >3 mánuði Percentage waiting >3 months				
	feb.18	feb.19	feb.20	jan.21	jan.22	feb.18	feb.19	feb.20	jan.21	jan.22
<b>Skurðaðgerðir á augasteinum</b>										
Landspítali	494	529	845	1.198	1.974	9%	9%	46%	56%	82%
Sjúkrahúsið á Akureyri	88	94		84	174	92%	100%		0%	79%
Sjónlag	411	441	50	69	36	65%	85%	0%		0%
LaserSjón	92 <sup>a</sup>	64	242	407		28%	0%	100%	59%	
Lentis					406					66%
<b>Samtals</b>	<b>1.085</b>	<b>1.128</b>	<b>1.137</b>	<b>1.758</b>	<b>2.590</b>	<b>38%</b>	<b>46%</b>	<b>56%</b>	<b>52%</b>	<b>78%</b>
<b>Aðgerðir á hjartalokum</b>										
Landspítali	38	22	19	22	21	47%	23%	32%	18%	19%
<b>Kransæðaaðgerðir</b>										
Landspítali	3	2	1	5	6	0%	0%	0%	0%	17%
<b>Hjarta- og/eða kransæðamyndataka, kransæðavíkanir (PTCA) meðtaldar</b>										
Landspítali	101	116	102	41	59	7%	13%	29%	24%	3%
<b>Brennsluáðgerðir á hjarta</b>										
Landspítali			318	289	344			88%	80%	79%
<b>Úrnám hluta brjósts</b>										
Landspítali	10	8	19	17	33	10%	13%	0%	12%	21%
Sjúkrahúsið á Akureyri	0	4		0	0	0%	25%			
Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Akranesi Klíníkin, Ármúla	0			0		0%				
<b>Samtals</b>	<b>10</b>	<b>12</b>	<b>19</b>	<b>17</b>	<b>33</b>	<b>10%</b>	<b>17%</b>	<b>0%</b>	<b>12%</b>	<b>21%</b>
<b>Brjóstnám</b>										
Landspítali	17	32	42	28	35	35%	19%	38%	54%	43%
Sjúkrahúsið á Akureyri	0	3		1	0	0%	67%		0%	
Klíníkin, Ármúla				1					0%	
<b>Samtals</b>	<b>17</b>	<b>35</b>	<b>42</b>	<b>30</b>	<b>35</b>	<b>35%</b>	<b>23%</b>	<b>38%</b>	<b>50%</b>	<b>43%</b>
<b>Aðgerðir til brjóstaminnkunar</b>										
Landspítali	69	59	56	62	89	83%	58%	77%	85%	76%
Sjúkrahúsið á Akureyri	28	35		7	0	93%	97%		100%	
Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Akranesi Klíníkin, Ármúla	0	1		0		0%	0%			
<b>Samtals</b>	<b>97</b>	<b>95</b>	<b>56</b>	<b>69</b>	<b>89</b>	<b>86%</b>	<b>72%</b>	<b>77%</b>	<b>87%</b>	<b>76%</b>
<b>Endurgerð brjósts (brjóstauppygging)</b>										
Landspítali	53	54	60	56	57	55%	54%	57%	77%	67%
Klíníkin, Ármúla				7					0%	
<b>Samtals</b>	<b>53</b>	<b>54</b>	<b>60</b>	<b>63</b>	<b>57</b>	<b>55%</b>	<b>54%</b>	<b>57%</b>	<b>68%</b>	<b>67%</b>
<b>Aðgerðir v/vélindabakflæðis og þindarslits</b>										
Landspítali	40	35	51	58	66	65%	66%	75%	78%	89%
<b>Skurðaðgerðir á maga vegna offitu</b>										
Landspítali	63	101	84	86	86	0%	64%	70%	78%	81%
Klíníkin, Ármúla	23	22		139		0%	9%		9%	
Gravitas	32			109		0%			83%	
<b>Samtals</b>	<b>118</b>	<b>123</b>	<b>84</b>	<b>334</b>	<b>86</b>	<b>0%</b>	<b>54%</b>	<b>70%</b>	<b>51%</b>	<b>81%</b>



	Heildarfjöldi á biðlista <i>Total number on waiting list</i>					Hlutfall sem hefur beðið >3 mánuði <i>Percentage waiting &gt;3 months</i>				
<b>Gallsteinaaðgerð eða steinbrjótsmeðferð</b>										
Landspítali	76	90	100	159	165	9%	21%	35%	55%	57%
Sjúkrahúsið á Akureyri	37	31		27	24	43%	35%		63%	54%
Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Akranesi	12	18	16	20	23	0%	22%	38%	50%	48%
<b>Samtals</b>	<b>125</b>	<b>139</b>	<b>116</b>	<b>206</b>	<b>212</b>	<b>18%</b>	<b>24%</b>	<b>35%</b>	<b>55%</b>	<b>56%</b>
<b>Valdar aðgerðir á grindarholslíffærum kvenna</b>										
Landspítali	121	79	42	109	107	55%	15%	26%	64%	66%
Sjúkrahúsið á Akureyri	36	24		24	9	72%	79%		8%	67%
Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Akranesi	50	36	15	23	57	72%	56%	33%	57%	44%
Klíníkin, Ármúla										
<b>Samtals</b>	<b>207</b>	<b>139</b>	<b>57</b>	<b>156</b>	<b>173</b>	<b>62%</b>	<b>37%</b>	<b>28%</b>	<b>54%</b>	<b>59%</b>
<b>Brottnám legs</b>										
Landspítali	58	54	54	96	116	60%	28%	11%	56%	66%
Sjúkrahúsið á Akureyri	9	11		9	7	56%	45%		33%	43%
Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Akranesi	48	27	35	45	73	35%	41%	26%	60%	52%
<b>Samtals</b>	<b>115</b>	<b>92</b>	<b>89</b>	<b>150</b>	<b>196</b>	<b>50%</b>	<b>34%</b>	<b>17%</b>	<b>56%</b>	<b>60%</b>
<b>Aðgerðir á blöðruhálskirtli</b>										
Landspítali	7	11	14	7	21	14%	0%	29%	0%	14%
Sjúkrahúsið á Akureyri	0	0		1		0%	0%		0%	
<b>Samtals</b>	<b>7</b>	<b>11</b>	<b>14</b>	<b>8</b>	<b>21</b>	<b>14%</b>	<b>0%</b>	<b>29%</b>	<b>0%</b>	<b>14%</b>
<b>Brottnám hvekkis um þvagrás (TURP)</b>										
Landspítali	47	34	35	50	45	49%	41%	57%	60%	58%
Sjúkrahúsið á Akureyri	8	3		13	13	38%	0%		46%	23%
Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Akranesi	1	0		0	0	0%	0%			
<b>Samtals</b>	<b>56</b>	<b>37</b>	<b>35</b>	<b>63</b>	<b>58</b>	<b>46%</b>	<b>38%</b>	<b>57%</b>	<b>57%</b>	<b>50%</b>
<b>Liðskipti á mjöðm</b>										
Landspítali	215	229	257	398	427	59%	66%	64%	68%	78%
Sjúkrahúsið á Akureyri	84	42		42	61	46%	21%		45%	49%
Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Akranesi	86	60	63	63	67	86%	82%	52%	65%	61%
Klíníkin, Ármúla	12	5		14	15	0%	0%		0%	0%
<b>Samtals</b>	<b>397</b>	<b>336</b>	<b>320</b>	<b>517</b>	<b>570</b>	<b>60%</b>	<b>63%</b>	<b>62%</b>	<b>64%</b>	<b>71%</b>
<b>Samtals biðlistaátak</b>	<b>385</b>	<b>331</b>	<b>320</b>	<b>503</b>	<b>555</b>	<b>62%</b>	<b>63%</b>	<b>62%</b>	<b>66%</b>	<b>73%</b>
<b>Liðskipti á hné</b>										
Landspítali	440	489	521	766	926	65%	72%	73%	78%	85%
Sjúkrahúsið á Akureyri	113	76		84	120	52%	39%		35%	46%
Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Akranesi	156	130	151	124	97	78%	78%	48%	77%	77%
Klíníkin, Ármúla	14	17		25	19	0%	0%		0%	0%
<b>Samtals</b>	<b>723</b>	<b>712</b>	<b>672</b>	<b>999</b>	<b>1.162</b>	<b>64%</b>	<b>68%</b>	<b>67%</b>	<b>72%</b>	<b>79%</b>
<b>Samtals biðlistaátak</b>	<b>709</b>	<b>695</b>	<b>672</b>	<b>974</b>	<b>1.143</b>	<b>66%</b>	<b>69%</b>	<b>67%</b>	<b>74%</b>	<b>80%</b>

	Fjöldi framkvæmdra aðgerða Total number of performed procedures				
	1.1.2017- 31.12.2017	1.1.2018- 31.12.2018	1.1.2019- 31.12.2019	1.1.2020- 31.12.2020	1.1.2021- 31.12.2021
<b>Skurðaðgerðir á augasteini</b>					
Landspítali	2.665	2.016	2.009	1.578	1.458
Sjúkrahúsið á Akureyri	302	227		135	213
Sjónlag	846	449	737	933	971
LaserSjón	900	460	456	624	-
Lentis					171
<b>Samtals/Total</b>	<b>4.713</b>	<b>3.152</b>	<b>3.202</b>	<b>3.270</b>	<b>2.642</b>
<b>Aðgerðir á hjartalokum</b>					
Landspítali	96	116	96	87	98
<b>Kransæðaaðgerðir</b>					
Landspítali	65	61	64	71	47
<b>Hjarta- og/eða kransæðamyndataka, kransæðavíkkarir (PTCA) meðtaldar</b>					
Landspítali	1.937	1.811	1.766	1.433	1.553
<b>Brennsluáðgerðir á hjarta</b>					
Landspítali			319	304	290
<b>Úrnám hluta brjósts</b>					
Landspítali	97	118	129	143	181
Sjúkrahúsið á Akureyri	15	10		6	29
Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Akranesi	1				
Klíníkin, Ármúla <sup>a</sup>	23			1	
<b>Samtals/Total</b>	<b>113</b>	<b>128</b>	<b>129</b>	<b>150</b>	<b>210</b>
<b>Brjóstnám</b>					
Landspítali	149	140	147	159	135
Sjúkrahúsið á Akureyri	9	14		10	9
Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Akranesi	-				
Klíníkin, Ármúla <sup>a</sup>	13			1	
<b>Samtals/Total</b>	<b>158</b>	<b>154</b>	<b>147</b>	<b>170</b>	<b>144</b>
<b>Aðgerðir til brjóstaminnkunar</b>					
Landspítali	40	62	52	32	45
Sjúkrahúsið á Akureyri	4	8		7	10
Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Akranesi	18	8	4		
Klíníkin, Ármúla <sup>a</sup>					
<b>Samtals/Total</b>	<b>62</b>	<b>78</b>	<b>56</b>	<b>39</b>	<b>55</b>
<b>Endurgerð brjóst (brjóstaupphýgging)</b>					
Landspítali	56	72	91	62	72
Klíníkin, Ármúla <sup>a</sup>	16			19	
<b>Samtals/Total</b>	<b>56</b>	<b>72</b>	<b>91</b>	<b>81</b>	<b>72</b>
<b>Aðgerðir v/vélindabakflæðis og þindarslits</b>					
Landspítali	48	51	58	33	46
Sjúkrahúsið á Akureyri					
<b>Samtals/Total</b>	<b>48</b>	<b>51</b>	<b>58</b>	<b>33</b>	<b>46</b>
<b>Skurðaðgerðir á maga vegna offitu</b>					
Landspítali	42	76	63	60	93
Klíníkin, Ármúla	58	143		515	
Gravitas	296			0	0
<b>Samtals/Total</b>	<b>396</b>	<b>219</b>	<b>63</b>	<b>575</b>	<b>93</b>

<b>Gallsteinaaðgerðir</b>					
Landspítali	629	581	600	519	580
Sjúkrahúsið á Akureyri	94	91		67	114
Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Akranesi	120	73	67	59	79
<b>Samtals/Total</b>	<b>843</b>	<b>745</b>	<b>667</b>	<b>645</b>	<b>773</b>
<b>Valdar aðgerðir á grindarholslíffærum kvenna</b>					
Landspítali	233	254	183	120	118
Sjúkrahúsið á Akureyri	86	87		32	67
Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Akranesi	125	152	174	139	120
Klíníkin, Ármúla					
<b>Samtals/Total</b>	<b>444</b>	<b>493</b>	<b>357</b>	<b>291</b>	<b>305</b>
<b>Brottnám legs</b>					
Landspítali	253	195	185	165	199
Sjúkrahúsið á Akureyri	59	49		36	66
Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Akranesi	110	97	101	98	93
<b>Samtals/Total</b>	<b>422</b>	<b>341</b>	<b>286</b>	<b>299</b>	<b>358</b>
<b>Aðgerð á blöðruhálskirtli</b>					
Landspítali	56	44	54	77	66
Sjúkrahúsið á Akureyri	2	1		3	3
Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Akranesi	-				
<b>Samtals/Total</b>	<b>58</b>	<b>45</b>	<b>54</b>	<b>80</b>	<b>69</b>
<b>Brottnám hvekks um þvagrás (TURP)</b>					
Landspítali	83	72	84	51	64
Sjúkrahúsið á Akureyri	33	34		39	65
Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Akranesi	3	3	4	2	1
<b>Samtals/Total</b>	<b>119</b>	<b>109</b>	<b>88</b>	<b>92</b>	<b>130</b>
<b>Liðskipti á mjöðm</b>					
Landspítali	513	474	473	443	532
<i>Þar af fjöldi bráðaaðgerða</i>	151	146	159	196	
Sjúkrahúsið á Akureyri	176	217		139	209
<i>Þar af fjöldi bráðaaðgerða</i>	20	46		25	39
Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Akranesi	84	61	55	71	62
<i>Þar af fjöldi bráðaaðgerða</i>	14	7	0	0	1
Klíníkin, Ármúla	29	44		90	111
<i>Þar af fjöldi bráðaaðgerða</i>	1	0		0	0
<b>Samtals/Total</b>	<b>802</b>	<b>796</b>	<b>528</b>	<b>743</b>	<b>914</b>
<b>Þar af bráðaaðgerðir/Thereof total acute</b>	186	199	159	221	40
<b>Samtals biðlistaátak/Total waiting list effort</b>	<b>773</b>	<b>752</b>	<b>528</b>	<b>653</b>	<b>803</b>
<b>Liðskipti á hné</b>					
Landspítali	470	438	480	363	415
<i>Þar af fjöldi bráðaaðgerða</i>	1	0	0	2	
Sjúkrahúsið á Akureyri	188	216		195	268
<i>Þar af fjöldi bráðaaðgerða</i>	1	3		3	1
Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Akranesi	86	102	127	114	93
<i>Þar af fjöldi bráðaaðgerða</i>	7	4	0	0	0
Klíníkin, Ármúla	33	57		88	137
<i>Þar af fjöldi bráðaaðgerða</i>	0	0		0	0
<b>Samtals/Total</b>	<b>777</b>	<b>813</b>	<b>607</b>	<b>760</b>	<b>913</b>

<b>Þar af bráðaáæðgerðir/Thereof total acute</b>	9	7	-		
<b>Samtals biðlistaáatak/Total waiting list effort</b>	<b>744</b>	<b>756</b>	<b>607</b>	<b>672</b>	<b>776</b>

<sup>a</sup> Brjóstnámsaðgerðir og enduruppbygging á brjóstum á Klíníkinni, Ármúla, eru vegna krabbameinsaðgerða á færeyskum konum. Þær eru ekki taldar með í samtölu. Í innköllun í júní 2018 var greint frá aukningu í aðgerðum á íslenskum konum hjá Klíníkinni.

Reitir eru litamerktir ef upplýsingar bárust ekki.

Landspítali telur aðgerð ef hún hefur verið aðalaðgerð.

Í mörgum aðgerðaflokkum væru fleiri aðgerðar skráðar ef allar aðgerðir væru taldar með.